

Samstarfssamningur Garðabæjar við Grósku
Samtök myndlistarmanna og áhugamanna um myndlist í Garðabæ

1.gr.

Markmið þessa samnings er að styðja við starfsemi félagasamtakanna Grósku en tilgangur samtakanna er að efla stöðu myndlistar í Garðabæ og stuðla að samvinnu félagsmanna (sbr. lög Grósku gr. 3-5, fylgiskjal 1).

2. gr.

Samkvæmt samningi þessum annast Gróska Jónsmessugleði í Garðabæ, sýningar í Gróskusalnum og á Bókasafni Garðabæjar. Nánari lýsing á verkefnum sem samningurinn tekur til má finna í fylgiskjali 2.

3.gr.

Garðabær greiðir Grósku árlegan styrk að upphæð kr. 1.900.000, með fyrirvara um samþykkt fjárveitingar í fjárhagsáætlun Garðabæjar. Upphæðin skal greidd í tveimur jöfnum greiðslum, í byrjun janúar og í byrjun júní ár hvert, á gildistíma samningsins. Samningurinn gildir fyrir árin 2024, 2025 og 2026.

Forsendur fyrir fyrri greiðslu styrks hvers árs er að Gróska kynni Menningar- og safnanefnd eða menningarfulltrúa áætlun um verkefni ársins.

Forsendur fyrir seinni greiðslu styrks hvers árs er að Gróska skili til Garðabæjar ársskýrslu (ársreikningi og skýrslu stjórnar), samþykkttri af aðalfundi félagsins, sem gefur glögga mynd af fjárhag og starfsemi félagsins á liðnu ári.

4.gr.

Gróska fær afnot af húsnæði á Garðatorgi 1 undir sýningar og aðra starfsemi félagsins, svokallaðan Gróskusal. Þá hefur stjórn Grósku jafnframt umboð til að lána salinn félagasamtökum og listamönnum að undanskildum þeim tímabilum sem Garðabær hefur afnot af salnum í samráði við Grósku, til dæmis vegna Skapandi sumarstarfa. Grósku er óheimilt að leigja húsnæðið til þriðja aðila.

Áætlað virði fyrrgreinds húsnæðisstuðnings við Grósku er metið að upphæð **xxxx** kr.

Garðabær mun leitast við að upplýsa Grósku um mögulegar breytingar á húsnæðinu eins fljótt og mögulegt er þegar/ef áætlanir um slíkt liggja fyrir.

5. gr.

Samningur þessi öðlast gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2026. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex (6) mánaða fyrirvara. Aðilar munu snemma hausts 2026 taka upp viðræður um gerð nýs samnings.

Samningsaðilar staðfesta samninginn með undirritun sinni:

Garðabæ, xx apríl 2024

f.h. Garðabæjar

f.h. Grósku

Vottar:

Fylgiskjöl:

- Lög Grósku (samþykkt á stofnfundi Grósku 1. mars 2010 og uppfærð 14. febrúar 2024).
- Nánari skilgreining á samstarfsverkefnum Grósku og Garðabæjar sbr. fylgiskjal 2.